

**2008 nr. 85 12. júní****Lög um opinbera háskóla**

**Tóku gildi 20. júní 2008.** *Breytt með:* L. 50/2010 (tóku gildi 12. júní 2010), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), L. 171/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012), L. 56/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013), L. 140/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 4.–12., 16.–18., 23.–29., 31.–32., 34.–38. og 40.–48. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014 og 21. gr. sem tók gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.), L. 115/2015 (tóku gildi 16. des. 2015), L. 46/2021 (tóku gildi 8. júní 2021).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra eða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Gildissvið o.fl.****■ 1. gr. Gildissvið.**

□ [Lög þessi gilda um Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum sem reknir eru sem opinberir háskólar og lúta yfirstjórn ráðherra.]<sup>1)</sup> Opinber háskóli er í lögum þessum nefndur háskóli.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> birtir auglýsingu<sup>3)</sup> um háskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 56/2013, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 50/2010, 1. gr. <sup>3)</sup> Augl. 753/2013.

**■ 2. gr. . . .**

<sup>1)</sup> L. 56/2013, 2. gr.

**■ 3. gr. Hlutverk.**

□ [[Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista, sbr. 2. og 3. gr. laga um háskóla.]<sup>1)</sup> Hann miðlar fræðslu til almennings og veitir þjófófélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Háskóla er enn fremur heimilt að sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.

□ Ráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum, ótímabundið eða til ákveðins tíma, [sbr. 21. gr. laga um háskóla].<sup>1)</sup>

□ Um hlutverk háskóla fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 63/2006, um háskóla.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 56/2013, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 50/2010, 3. gr.

**II. kafli. Stjórnsýsla og stjórnskipulag.****■ 4. gr. Skipulagseiningar og rekstrarform.**

□ Skipulagseiningar háskóla eru:

a. skólar og deildir, sbr. IV. kafla laga þessara,

b. háskólastofnanir sem heyra undir háskólaráð samkvæmt ákvörðun þess,

c. háskólastofnanir sem heyra undir skóla eða deildir samkvæmt ákvörðun skólaráðs,

d. háskólastofnanir sem starfa á grundvelli sérлага.

□ Heimilt er í reglum,<sup>1)</sup> er háskólaráð setur, að nota önnur heiti fyrir skóla og deildir, sbr. a-lið 1. mgr., og að háskóli starfi á grundvelli annarra skipulagseininga.

<sup>1)</sup> Rgl. 480/2010, sbr. rgl. 553/2011 og rgl. 1195/2013. Rgl. 483/2010.

**■ 5. gr. Háskólaráð og stjórn háskóla.**

□ Stjórn háskóla er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mót- ar skipulag háskóla. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra skóla og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að háskóli starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

□ Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra skóla og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð eða skóla.

□ Háskólaráð ber ábyrgð á framkvæmd samstarfssamninga sem háskóli gerir við fyrirtæki og aðrar stofnanir. Þá hefur

háskólaráð yfirmisjón með fyrirtækjum, sjóðum og almenn- um eignum háskóla.

□ Háskólaráð setur reglur og viðmið um ráðningu starfs- fólks skóla og háskólastofnana, sbr. b- og c-lið 1. mgr. 4. gr.

□ Háskólaráð getur framselt ákvörðunarvald sem rektor eða öðrum stjórnendum er fengið í einstökum málum eða mála- flokkum til annarra stjórnenda enda sé það gert skriflega og tilkynnt sérstaklega.

□ Fáí háskólaráð til meðferðar málefni er varðar sérstaklega einn skóla skal ráðið leita álits forseta hans áður en málefni- ið er leitt til lykta. Með sama hætti skal háskólaráð leita álits forstöðumanns háskólastofnunar sem ekki heyrir undir skóla.

**■ 6. gr. Fulltrúar í háskólaráði.**

□ Rektor á sæti í háskólaráði og er hann jafnframt formaður ráðsins.

□ Í háskólaráði háskóla með færri en 5.000 nemendur skulu auk rektors eiga sæti sex fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn:

1. [Tveir fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af há- skólafundi.]<sup>1)</sup>

2. Einn fulltrúi tilnefndur af heildarsamtökum nemenda við háskólann.

3. [Einn fulltrúi tilnefndur af ráðherra.]<sup>1)</sup>

4. Tveir fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

□ Í háskólaráði háskóla með fleiri en 5.000 nemendur skulu auk rektors eiga sæti tíu fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn:

1. [Þrjár]<sup>1)</sup> fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af há- skólafundi.

2. Tveir fulltrúar tilnefndir af heildarsamtökum nemenda við háskólann.

3. [Tveir fulltrúar tilnefndir af ráðherra.]<sup>1)</sup>

4. [Þrjár]<sup>1)</sup> fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

□ Hverjum fulltrúa skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. mgr. og 1., 2. og 3. tölul. 3. mgr. skal tilnefndur varamaður.

□ [Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. 2. mgr., þrjár fulltrúar skv. 4. tölul. 3. mgr.]<sup>1)</sup> og einn sameiginlegur varamaður fyrir þá skulu tilnefndir sameiginlega af rektor og öðrum fulltrúum skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. mgr. og 1., 2. og 3. tölul. 3. mgr. Þegar þeir hafa verið tilnefndir í ráðið til næstu tveggja ára. Við tilnefningu fulltrúa skv. 3. og 4. tölul. 2. mgr. og 3. og 4. tölul. 3. mgr. skal leitast við að tryggja sem víðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings og fulltrúarnir mega ekki vera starfsmenn eða nemendur háskólans. Þegar þeir fulltrúar sem taldir eru í þessari málsgrein hafa verið til- nefndir telst háskólaráð fullskipað.

□ Háskólaráð setur nánari reglur um val á fulltrúum há- skólasamfélagsins og nemenda. Leita skal umsagnar há- skólafundar og heildarsamtaka nemenda háskóla áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

<sup>1)</sup> L. 50/2010, 4. gr., sbr. einnig brbákv. I í s.l.

**■ 7. gr. Fundir háskólaráðs.**

□ Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski þrjár fulltrúar í háskólaráði fundar er formanni skylt að boða til hans.

□ Háskólaráð er ekki ályktunarfært nema fimm atkvæðis- bærir háskólaráðsmenn sækji fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði for- manns úr.

□ Rektor boðar fundi háskólaráðs. Háskólaráð setur reglur um undirbúning funda, fundarboð, fundarsköp, birtingu ákvarðana og annað er lýtur að starfsháttum ráðsins og ekki er ákveðið í lögum þessum.

■ **8. gr. Háskólarektor.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar háskólarektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Getur háskólaráð ákveðið hvort tilnefning þess fari fram að undangengnum kosningum eða auglýsingu embættisins.

□ Rektor er formaður háskólaráðs. Hann er yfirmaður stjórnarsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum einstakra skóla og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætla og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans.

□ Rektor ræður forseta fyrir hvern skóla, sbr. 12. gr., og setur honum erindisbréf. Háskólaráð getur heimilað að rektor ráði aðstoðarrektor, einn eða fleiri.

□ Rektor ræður starfsfólk sameiginlegrar stjórnarsýslu háskóla og setur því erindisbréf eða starfslýsingar.

<sup>1)</sup> L. 50/2010, 5. gr.

**III. kafli. Háskólafundur.**

■ **9. gr. Háskólafundur.**

□ Háskólafundur er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu háskólans. Háskólafundur [mótar og setur fram]<sup>1)</sup> sameiginlega vísindar- og menntastefnu háskólans að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólafundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskóla, einstakra skóla eða stofnana. Háskólaráð getur einnig falið háskólafundum umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun.

□ Háskólafundur er ályktunarbær um þau málefni sem fundurinn telur að varði hag háskólasamfélagsins.

□ Ákvörðunum háskólaráðs, rektors, forseta skóla eða forstöðumanna háskólastofnana verður ekki skotið til háskólafundar.

<sup>1)</sup> L. 50/2010, 6. gr.

■ **10. gr. Fulltrúar á háskólafundum.**

□ Á háskólafundum eiga sæti rektor, forsetar og formenn deilda. Þar sitja jafnframt kennarar og sérfræðingar úr skólum og stofnunum háskóla, ásamt fulltrúum stofnana sem starfa samkvæmt sérlægum eða tengjast háskólanum sérstaklega. Fulltrúar skóla skulu kjörnir á skólafundum, sbr. 14. gr.

□ Á háskólafundum eiga einnig sæti til tveggja ára í senn tveir fulltrúar samtaka háskólaeignara kjörnir í skriflegri kosningu úr hópi félagsmanna sem ekki gegna störfum forseta og tveir fulltrúar starfsmanna við stjórnarsýslu háskólans kjörnir í skriflegri atkvæðagreiðslu. Auk þess á sæti á háskólafundum einn fulltrúi nemenda á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan háskólans, og skulu þeir kjörnir í sérstökum kosningum til [eins árs]<sup>1)</sup> í senn.

□ Háskólaráð setur nánari reglur<sup>2)</sup> um fjölda fulltrúa sem sæti eiga á háskólafundum og um val þeirra. Í reglum skal jafnframt kveðið á um kosningu og setu fulltrúa annarra stofnana og samtaka á háskólafundum en þeirra sem taldir eru í 1. mgr. og um atkvæðisrétt þeirra.

□ Rektor boðar háskólafund og stýrir honum eða felur öðrum stjórn hans. Háskólafundur skal halda að minnsta kosti einu sinni á hverju ári. Æski <sup>2</sup>/<sub>3</sub> hlutar fulltrúa á háskólafundum fundar er rektor skylt að boða til hans.

<sup>1)</sup> L. 56/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 984/2008, sbr. rgl. 1144/2011 og rgl. 521/2016.

**IV. kafli. Skólar og stofnanir.**

■ **11. gr. Skólar og stofnanir.**

□ Skólar eru meginneiningar háskóla og deildir grunneiningar. Háskólaráð ákvarðar hlutverk, mörk og verkaskiptingu milli skóla og kveður á um skipan þeirra í reglum. Hver skóli skiptist í deildir samkvæmt tillögu skólans sem lögð er fyrir háskólaráð. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en gerðar eru grundvallarbreytingar á skólaskipaninni.

□ Innan skóla fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Skólar eru sjálfstæðir um fagleg og rekstrarleg málefni innan þeirra marka sem ákvörðuð eru af háskólaráði. Deildir bera faglega ábyrgð á háskólaeignun og rannsóknum.

□ Við skóla og deildir er heimilt að starfrækja sérstakar háskólastofnanir, sbr. c-lið 1. mgr. 4. gr., og rannsóknastofur sem settar eru á stofn samkvæmt ákvörðun skólaráðs og samkvæmt nánari reglum<sup>1)</sup> sem háskólaráð setur.

<sup>1)</sup> Rgl. 844/2001, sbr. rgl. 895/2005, rgl. 315/2009, rgl. 96/2012 og rgl. 417/2023. Rgl. 1055/2006, sbr. rgl. 345/2008, rgl. 316/2009 og rgl. 1306/2011. Rgl. 370/2009, sbr. rgl. 443/2018. Rgl. 570/2009. Rgl. 1021/2009. Rgl. 1023/2009, sbr. rgl. 354/2013. Rgl. 542/2010, sbr. rgl. 511/2022. Rgl. 543/2010, sbr. rgl. 354/2017. Rgl. 544/2010. Rgl. 545/2010. Rgl. 546/2010, sbr. rgl. 737/2022. Rgl. 547/2010. Rgl. 548/2010. Rgl. 549/2010, sbr. 312/2021 og rgl. 416/2023. Rgl. 550/2010, sbr. rgl. 355/2017. Rgl. 551/2010. Rgl. 554/2010, sbr. rgl. 738/2022. Rgl. 554/2011. Rgl. 555/2011. Rgl. 685/2011, sbr. rgl. 382/2024.

■ **12. gr. Forsetar skóla og deildarformenn.**

□ Daglegri starfsemi skóla stýrir forseti. Rektor ræður forseta hvers skóla að undangenginni auglýsingu. Heimilt er rektor að kalla starfsmann háskóla til þess að vera forseti yfir skóla. Um tímalengd ráðningar fer samkvæmt reglum sem háskólaráð setur. Rektor setur forsetum erindisbréf.

□ Í umboði háskólaráðs og rektors á forseti frumkvæði að móttun stefnu fyrir skóla, hefur eftirlit með starfi og stjórnarsýslu hans og ræður til hans starfsfólk. Forseti ber ábyrgð á fjármálum og almennum gæðakröfum skóla gagnvart rektor og háskólaráði, sbr. 5. gr. Forseti velur deildarformenn til tveggja ára í senn samkvæmt tilnefningu deildarfundar. Háskólaráð setur reglur um val deildarformanna.

■ **13. gr. Skólaráð.**

□ Forseti og deildarformenn mynda skólaráð. Í skólaráði skal einnig sitja fulltrúi nemenda, einn eða fleiri, sem valinn er af nemendum samkvæmt reglum sem háskólaráð setur. Skólaráð fjallar um sameiginleg málefni skólans, þar á meðal ákvarðanir deilda um námsframboð. [Háskólaráði er heimilt að ákveða að í skólaráði sitji einnig fulltrúar tiltekinnar kennslugreina sem saman mynda deild. Enn fremur er háskólaráði heimilt að ákveða að í skólaráði sitji fulltrúi opinberra stofnunar sem er í mjög nánú samstarfi um kennslu og þjálfun nemenda.]<sup>1)</sup>

□ Háskólaráð setur nánari reglur um starfsemi skóla, stjórn þeirra, skiptingu skóla í deildir, hlutverk deildarformanna og skóla- og deildarfundum.

<sup>1)</sup> L. 50/2010, 8. gr.

■ **14. gr. Skólafundir.**

□ Skólafundur, sem forseti stýrir í umboði rektors, er samráðsvettvangur þar sem fram fer umræða um innri málefni skóla. Háskólaráð getur leitað umsagnar fundar skóla um hvaðeina sem varðar starfsemi skólans og þeirra deilda sem starfræktar eru við hann.

□ Skólafundur er ályktunarbær um þau málefni sem fundurinn telur að varði hag skóla. Ályktanir fundar skóla skulu kynntar háskólaráði, rektor, forstöðumönnum háskólastofnana og öðrum þeim er þær kunna að varða.

□ Ákvörðunum háskólaráðs, rektors, forseta eða forstöðumanns háskólastofnunar verður ekki skotið til skólafundar. Sama gildir um húsfundi í háskólastofnun, sbr. b- og c-lið 1. mgr. 4. gr.

## V. kaffi. Starfsfólk háskóla.

### ■ 15. gr. Starfsheiti.

□ Starfsheiti kennara við háskóla skulu vera prófessor, dósent, lektor og aðjunkt. Háskólaráð getur sett nánari reglur um þessi og önnur starfsheiti sem það ákveður að nota.

□ Háskólakennarar hafa með höndum og bera ábyrgð á kennslu sem fram fer til viðurkenndrar prófgráðu.

□ Háskólakennarar og sérfræðingar hafa með höndum sjálfstæðar vísindarannsóknir.

□ Forstöðumenn stofnana hafa með höndum háskóla-kennslu og sjálfstæðar rannsóknir ef kveðið er á um það í reglum viðkomandi stofnunar.

□ Háskólaráð setur nánari reglur<sup>1)</sup> um starfsheiti og starfs-skyldur þeirra sem ráðnir eru í akademísk störf samkvæmt ákvæðum þessa kafla, sem og um leyfi þeirra frá störfum.

<sup>1)</sup> Rgl. 605/2006, sbr. rgl. 968/2009, rgl. 189/2013, rgl. 224/2015, rgl. 302/2015, rgl. 1158/2015, rgl. 169/2020, rgl. 491/2021 og rgl. 1049/2021. Rgl. 1096/2008, sbr. rgl. 541/2010. Rgl. 971/2009, sbr. rgl. 225/2015, rgl. 170/2020 og rgl. 492/2021. Rgl. 724/2023.

### ■ 16. gr. Dómnefndir.

□ Háskóli skal setja á fót dómnefnd til þess að meta hæfi þeirra sem sækja um akademísk störf eða fá boð um slíkt starf. [Þeir sem bera starfsheiti prófessor, dósent, lektor og sérfræðingur skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði, staðfest með álitu dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla.]<sup>1)</sup> Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði.

□ Skóla eða stofnun er heimilt að gera kröfu um að umsækjendur um akademískt starf hafi doktorspróf á viðkomandi sérsviði.

□ Um skipan, störf og niðurstöður dómnefndar fer skv. 18. gr. laga um háskóla og reglum<sup>2)</sup> sem háskólaráð setur að fenginni umsögn háskólafundar. Í þeim reglum skal tryggt að umsóknir hljóti faglega og óvilhalla meðferð. Heimilt er að taka upp fyrirkomulag fastra dómnefnda innan háskóla.

<sup>1)</sup> L. 56/2013, 5. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 724/2023.

### ■ 17. gr. Veiting starfa.

□ [Rektor veitir ótímabundin akademísk störf við háskóla og framgang akademískra starfsmanna. Forseti fræðasviðs veitir tímabundin akademísk störf við skóla og stofnanir sem heyra undir skóla í umboði rektors. Forstöðumaður veitir akademísk störf við stofnun sem heyrir undir háskólaráð í umboði rektors. Veiting starfs skal ákveðin á grundvelli tillögu sem gerð er samkvæmt nánari reglum<sup>1)</sup> settum af háskólaráði en þær afmarka jafnframt umboð forseta og forstöðumanna. Þegar starf hefur verið veitt skal gerður um það ráðningarsamningur.]<sup>2)</sup>

□ Akademískt starf, sem veitt er við háskóla, skal áður hafa verið auglýst laust til umsóknar. Rektor háskóla, samkvæmt tillögu skóla og með samþykki háskólaráðs, getur þó boðið vísindamanni að taka við slíku starfi án þess að það sé auglýst laust til umsóknar. Háskóla er jafnframt heimilt að víkja

frá skyldu til auglýsinga þegar í hlut eiga störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur gegna við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings.

□ Starf er ekki auglýst þegar um er að ræða framgang eða tilflutning milli starfsheita samkvæmt reglum<sup>3)</sup> settum af háskólaráði.

□ Ráðningarsamningur um akademískt starf getur verið ótímabundinn eða tímabundinn til allt að fimm ára. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja tímabundna ráðningu um allt að tvö ár fram yfir fimm ára markið.

<sup>1)</sup> Rgl. 1301/2020, sbr. rgl. 1077/2022. Rgl. 156/2022. Rgl. 157/2022. Rgl. 724/2023. Rgl. 726/2023. <sup>2)</sup> L. 50/2010, 9. gr. <sup>3)</sup> Rgl. 1300/2020. Rgl. 155/2022. Rgl. 157/2022. Rgl. 725/2023. Rgl. 761/2023.

## VI. kaffi. Nemendur.

### ■ 18. gr. Innitritun.

□ Rektor, og forsetar í umboði hans, bera ábyrgð á innritun nemenda í háskóla.

□ Nemendur, sem hefja nám til fyrstu háskólagráðu í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða [staðist lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfniprepi].<sup>1)</sup> Háskóla er þó heimilt að innrita nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi ef þeir hafa öðlast reynslu eða ráða yfir þekkingu og færni sem svarar til krafna skólans um undirbúning fyrir nám á háskólastigi.

□ Háskólaráð setur, að fenginni tillögu skóla eftir því sem við á, nánari reglur<sup>2)</sup> um eftirfarandi atriði:

a. [kröfur um efni lokaprófs frá framhaldsskóla á 3. hæfniprepi auk viðbótarkrafna, þegar við á, um undirbúning fyrir einstakar námsleiðir í grunnnámi],<sup>1)</sup>

b. inntökuskilyrði í einstakar námsleiðir í framhaldsnámi,

c. inntöku- eða stöðupróf sem viðhöfð eru á einstökum námsleiðum,

d. mat á reynslu, þekkingu og færni nemenda sem ekki hafa lokið formlegu undirbúningsnámi á framhaldsskólastigi.

□ Reglur um takmörkun á fjölda nemenda sem teknir eru inn á einstakar námsleiðir skulu settar fyrir fram fyrir hvert háskólaár. Í slíkum reglum skal taka mið af skilyrðum háskóla til þess að veita kennslu á viðkomandi námsleið. Í reglum háskólaráðs er heimilt að takmarka fjölda nemenda inn á einstaka námsleiðir enda séu þá ekki fyrir hendi skilyrði til inntöku allra umsækjenda.

<sup>1)</sup> L. 46/2021, 2. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 1042/2003, sbr. rgl. 277/2006, rgl. 1057/2006, rgl. 190/2013, rgl. 1042/2015, rgl. 107/2016, rgl. 1017/2016, rgl. 109/2018, rgl. 54/2020 og rgl. 247/2020. Rgl. 413/2006, sbr. rgl. 1172/2010, rgl. 391/2021 og rgl. 593/2022. Rgl. 972/2009, sbr. rgl. 155/2010, rgl. 139/2014 og rgl. 126/2023. Rgl. 153/2010, sbr. rgl. 153/2011, rgl. 1307/2011, rgl. 556/2012, rgl. 801/2012, rgl. 75/2013, rgl. 308/2013, rgl. 1234/2013, rgl. 316/2014, rgl. 1093/2014, rgl. 226/2015, rgl. 50/2016, rgl. 162/2016, rgl. 1204/2016, rgl. 1256/2017, rgl. 444/2018, rgl. 515/2018, 1193/2018, rgl. 201/2019, rgl. 376/2019, rgl. 906/2019, rgl. 1162/2019, rgl. 53/2020, rgl. 619/2020, rgl. 680/2020, rgl. 939/2020, rgl. 1299/2020, rgl. 67/2021, rgl. 1532/2021, rgl. 113/2022, rgl. 518/2022, rgl. 122/2023 og rgl. 1527/2023. Rgl. 604/2023. Rgl. 154/2010, sbr. rgl. 1196/2012. Rgl. 155/2011, sbr. rgl. 479/2020, rgl. 310/2021 og rgl. 124/2023. Rgl. 214/2011, sbr. rgl. 606/2014 og rgl. 52/2020. Rgl. 500/2011, sbr. rgl. 187/2013, rgl. 547/2015, rgl. 996/2017, rgl. 445/2018, rgl. 1534/2021, rgl. 740/2022 og 1113/2023. Rgl. 501/2011, sbr. rgl. 306/2018. Rgl. 643/2011, sbr. rgl. 95/2012, rgl. 188/2013, rgl. 1078/2013, rgl. 1257/2017, rgl. 446/2018, rgl. 115/2022 og rgl. 736/2022. Rgl. 244/2014, sbr. rgl. 801/2016, rgl. 889/2016, rgl. 125/2023, rgl. 272/2023 og rgl. 605/2023. Rgl. 1160/2015, sbr. rgl. 1155/2016, rgl. 1032/2019, rgl. 1537/2021 og rgl. 516/2022. Rgl. 351/2017. Rgl. 994/2017, sbr. rgl. 447/2018 og rgl. 1192/2018. Rgl. 995/2017, sbr. rgl. 1536/2021 og rgl. 1256/2022. Rgl. 440/2018, sbr. rgl. 1533/2021. Rgl. 699/2018, sbr. rgl. 342/2024. Rgl. 700/2018. Rgl. 977/2018, sbr. rgl. 1529/2023. Rgl. 60/2019, sbr. rgl. 1127/2020, rgl. 114/2022, rgl. 515/2022 og rgl. 1013/2023. Rgl. 172/2020. Rgl. 1580/2020. Rgl. 1581/2020. Rgl. 140/2021. Rgl. 112/2022. Rgl. 331/2022, sbr. rgl. 512/2022 og rgl. 1528/2023. Rgl. 822/2022. Rgl. 666/2023.

■ **19. gr. Réttindi og skyldur nemenda.**

□ Háskólaráð setur, að fenginni umsögn heildarsamtaka nemenda innan háskólans, reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskólans.

□ Nemandi skal forðast að hafast nokkuð það að í námi sínu eða í framkomu sinni innan og utan skólans sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á nám hans eða skóla.

□ Gerist nemandi sekur um háttsemi skv. 2. mgr. eða sem er andstæð lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal forseti þess skóla þar sem hann er skráður til náms taka mál hans til meðferðar. Að teknu tilliti til alvarleika brots getur forseti veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal gefa nemanda kost á að tjá sig um málið. Nemanda er heimilt að skjóta ákvörðun forseta til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar forseta.

□ Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda, sem vikið hefur verið að fullu úr skóla, að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Nemanda er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

**VII. kafli. Kennsla, prófhald og prófgráður.**

■ **20. gr. Kennsla, kennsluhættir.**

□ Háskólaráð setur reglur um lengd háskólaárs og skiptingu þess í kennslumissiri. Fyrirlestrar, æfingar og námskeið í háskóladeildum eru fyrir skrásetta stúdenta en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu nema forseti mæli öðruvísi fyrir.

□ Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum, sbr. lög um háskóla. Háskólaráð skal setja almennar reglur um mat námskeiða til eininga.

□ Skólar skulu setja almennar reglur<sup>1)</sup> um kennslu og kennsluhætti sem háskólaráð staðfestir.

<sup>1)</sup> Rgl. 390/2021.

■ **21. gr. Próf og prófhald.**

□ Háskólaráð skal setja reglur<sup>1)</sup> um prófhald, þ.m.t. viðurkenningu erlendra prófa, inntöku- og undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Hver háskóli ræður tilhögun prófa að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í reglum háskólaráðs.

□ Sameiginleg stjórnsýsla hvers [háskóla]<sup>2)</sup> annast skipulag og framkvæmd prófa.

□ Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi forseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

□ Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um námsframvindu og hámarkstímalengd í námi.

□ Deild er heimilt að meta nám sem nemandi hefur stundað utan deildarinnar sem hluta af námi við deildina enda uppfylli námið sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru á grundvelli laga þessara og laga um háskóla.

<sup>1)</sup> Rgl. 921/2018, sbr. rgl. 513/2020 og rgl. 722/2023. Rgl. 390/2021. <sup>2)</sup> L. 50/2010, 10. gr.

■ **22. gr. Prófgráður.**

□ Um prófgráður sem háskóla er heimilt að veita fer sam-

kvæmt lögum um háskóla, sbr. þó 23. gr. laga þessara. Háskólaráði er heimilt að setja nánari reglur<sup>1)</sup> um prófgráður á grundvelli þeirra.

<sup>1)</sup> Rgl. 290/2016, sbr. rgl. 838/2019 og rgl. 517/2022. Rgl. 822/2022.

■ **23. gr. Doktorsnafnbót.**

□ Háskólar hafa rétt til að veita doktorsnafnbót í heiðurskyni. Doktorsnafnbót í heiðurskyni verður ekki veitt nema samkvæmt tillögu skólaráðs og með samþykki háskólaráðs.

□ Háskólar hafa rétt til að veita doktorsnafnbót með vörn sérstakrar doktorsritgerðar og setur háskólaráð almennar reglur um vörn slíkra doktorsritgerða.

■ **[23. gr. a. Endurmenntun.**

□ Háskóla er heimilt að bjóða upp á endurmenntun þeirra sem hafa lokið háskólaprófi í þeim fræðum sem viðurkenning hans tekur til, sbr. 3. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

□ Með hugtakinu endurmenntun er í lögum þessum átt við eftirfarandi:

a. námskeið fyrir háskólamentað fólk á fagsviði þess,

b. viðbótarnám fyrir háskólamentað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu skv. 22. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 50/2010, 11. gr., sbr. einnig brbákv. II í s.l.

**VIII. kafli. Fjárhagsmálefni.**

■ **24. gr. Fjármögnun.**

□ Hver háskóli hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Ráðherra gerir tillögur um fjárframlög til hvers háskóla til að mæta útgjöldum til kennslu, rannsókna og annarra verkefna.

□ Háskóla er heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög skv. 1. mgr. með:

a. skrásetningargjöldum sem nemendur greiða við skráningu í nám, allt að [75.000 kr.]<sup>1)</sup> fyrir hvern nemanda á ársgrundvelli; álögð gjöld samkvæmt þessum lið skulu eigi skila háskóla hærrí tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum háskólans vegna nemendaskráningar og þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknastarfsemi,

b. gjöldum til að standa undir útgáfu staðfestra vottorða, gerð, fyrirlögn og yfirferð stöðu-, inntöku-, upptöku- og fjárprófa,

c. gjöldum fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskóla er skylt að veita,

d. gjöldum fyrir þjónustu sem háskóli veitir og grundvöllur er á samningi við [ráðuneytið],<sup>2)</sup> sbr. d-lið 2. mgr. 21. gr. laga um háskóla,

e. [gjöldum fyrir endurmenntun skv. 23. gr. a],<sup>3)</sup>

[f. gjöldum fyrir fræðslu fyrir almenning],<sup>3)</sup>

[g. umsýslu- og afgreiðslugjöldum umsókna nemenda með ríkisfang utan Evrópska efnahagssvæðisins, að undanskildum Færeyjum og Grænlandi].<sup>4)</sup>

[Háskóla er heimilt að skipta innheimtu skrásetningargjalds skv. a-lið hlutfallslega yfir skólaárið].<sup>5)</sup>

□ Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skráningartímabíla, sbr. a-lið 2. mgr.

□ Háskólaráð setur nánari reglur<sup>6)</sup> um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt þessari grein. Í reglum háskólaráðs er heimilt að mæla fyrir um lækun skrásetningargjalds til tekjulitilla stúdenta er búa við örorku eða fötlun, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni [fatlaðs fólks].<sup>7)</sup> Heimilt er að miða slíkar reglur við tekjumörk og hvort lækun sé í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af skrásetningargjaldi. Í reglum

háskólaráðs er jafnframt heimilt að verja hluta skrásetningar-  
gjalds til félagssamtaaka stúdenta.

<sup>1)</sup> L. 140/2013, 23. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 488. gr. <sup>3)</sup> L. 50/2010, 12. gr., sbr. *einnig bráðkv. II í s.l.* <sup>4)</sup> L. 56/2013, 6. gr. <sup>5)</sup> L. 171/2011, 1. gr. <sup>6)</sup> Rgl. 898/2021. Rgl. 1082/2023. <sup>7)</sup> L. 115/2015, 27. gr.

#### ■ 25. gr. Þjónustusamningar.

□ Háskólaráði er heimilt að semja við stúdenta, samtök þeirra og félög, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd háskóla enda sé farið að ákvæðum 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

### IX. kafli. Ýmis ákvæði.

#### ■ 26. gr. Önnur viðfangsefni og starfsemi.

□ Háskóla er heimilt, með samþykki [ráðherra],<sup>1)</sup> að eiga aðild að hlutafélögum, sjálfseignarstofnunum eða félögum með takmarkaða ábyrgð ef starfsemi þeirra samrýmist þeim markmiðum sem háskólanum eru sett og aðild þjónar hagsmunum hans. Háskólaráð fer með eignarhlut háskólans í slíkum fyrirtækjum en getur veitt skóla, stofnun eða öðrum aðila innan háskóla umboð til að fara með hlutinn.

□ Háskóla er heimilt að stofna og starfrækja sérstaka rannsóknar- og þróunarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá sem [ráðherra]<sup>1)</sup> og háskólaráð staðfesta. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

□ Háskóla er heimilt að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki, sem tengjast starfssviði skólans, um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna.

<sup>1)</sup> L. 50/2010, 13. gr.

#### ■ 27. gr. Ársfundur.

□ Háskóli skal árlega halda opinn ársfund þar sem fjárhagur skólans og meginatriði starfsáætlunar hans eru kynnt.

#### ■ 28. gr. Birting reglna og kennsluskrár.

□ Reglur<sup>1)</sup> þær, sem háskólaráð setur samkvæmt lögum þessum, skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

□ Hver skóli semur og birtir eigin kennsluskrá. Árlega skal birt kennsluskrá fyrir háskólann í heild.

<sup>1)</sup> Rgl. 389/2009, sbr. rgl. 1135/2011, rgl. 788/2020 og rgl. 1145/2022. Rgl. 569/2009 (fyrir Háskóla Íslands), sbr. rgl. 787/2009, rgl. 970/2009, rgl. 1024/2009, rgl. 152/2010, rgl. 262/2010, rgl. 226/2011, rgl. 497/2011, rgl. 552/2011, rgl. 832/2011, rgl. 1143/2011, rgl. 1305/2011, rgl. 94/2012, rgl. 192/2012, rgl. 285/2012, rgl. 600/2012, rgl. 74/2013, rgl. 186/2013, rgl. 307/2013, rgl. 629/2013, rgl. 929/2013, rgl. 1077/2013, rgl. 1233/2013, rgl. 138/2014, rgl. 315/2014, rgl. 443/2014, rgl. 605/2014, rgl. 1095/2014, rgl. 21/2015, rgl. 223/2015, rgl. 301/2015, rgl. 430/2015, rgl. 546/2015, rgl. 830/2015, rgl. 921/2015, rgl. 1087/2015, rgl. 1156/2015, rgl. 161/2016, rgl. 288/2016, rgl. 368/2016, rgl. 520/2016, rgl. 544/2016, rgl. 550/2016, rgl. 807/2016, rgl. 887/2016, rgl. 1015/2016, rgl. 1154/2016, rgl. 141/2017, rgl. 350/2017, rgl. 541/2017, rgl. 819/2017, rgl. 894/2017, rgl. 993/2017, rgl. 1255/2017, rgl. 106/2018, rgl. 284/2018, rgl. 304/2018, rgl. 441/2018, rgl. 540/2018, rgl. 641/2018, rgl. 859/2018, rgl. 978/2018, rgl. 1006/2018, rgl. 1191/2018, rgl. 199/2019, rgl. 280/2019, rgl. 594/2019, rgl. 837/2019, rgl. 1031/2019, rgl. 51/2020, rgl. 168/2020, rgl. 304/2020, rgl. 478/2020, rgl. 617/2020, rgl. 1012/2020, rgl. 1126/2020, rgl. 1297/2020, rgl. 36/2021, rgl. 183/2021, rgl. 593/2021, rgl. 1047/2021, rgl. 1302/2021, rgl. 1531/2021, rgl. 110/2022, rgl. 510/2022, rgl. 592/2022, rgl. 739/2022, rgl. 1076/2022, rgl. 1479/2022, rgl. 121/2023, rgl. 162/2023, rgl. 269/2023, rgl. 415/2023, rgl. 486/2023, rgl. 1112/2023, rgl. 1218/2023, rgl. 1526/2023, rgl. 1556/2023, rgl. 95/2024, rgl. 182/2024 og rgl. 381/2024. Rgl. 481/2010, sbr. rgl. 1088/2015, rgl. 55/2020, rgl. 248/2020, rgl. 618/2020, rgl. 123/2023 og rgl. 273/2023. Rgl. 484/2010, sbr. rgl. 1197/2012. Rgl. 735/2012. Rgl. 244/2014, sbr. rgl. 801/2016, rgl. 889/2016 og rgl. 272/2023. Rgl. 1344/2015. Rgl. 160/2016. Rgl. 888/2016, sbr. rgl. 493/2021 og rgl. 514/2022. Rgl. 890/2016, sbr. rgl. 839/2019, rgl. 908/2019, rgl. 1535/2021 og rgl. 1013/2023. Rgl. 287/2018. Rgl. 366/2020 (fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands). Rgl. 1211/2020, sbr. rgl. 721/2023. Rgl. 1540/2021 (fyrir Háskólann á Hólum). Rgl.

694/2022 (fyrir Háskólann á Akureyri), sbr. rgl. 572/2023 og rgl. 1081/2023. Rgl. 820/2022, sbr. rgl. 343/2024. Rgl. 821/2022. Rgl. 1144/2022. Rgl. 723/2023. Rgl. 1733/2023 (fyrir Háskólann á Hólum).

#### ■ [29. gr. Samstarfsnet opinberra háskóla.

□ Rektorar opinberra háskóla, sem fengið hafa viðurkenningu ráðherra, skipa sérstaka verkefnastjórn um samstarfsnet opinberra háskóla undir forustu Háskóla Íslands. Auk rektora skal skipa fulltrúa til viðbótar þar sem tekið verður mið af stærð háskólanna og umfangi. Samstarfsnetið skal koma saman reglulega og fjalla um sameiginleg málefni skólanna, einkum varðandi stöðþjónustu, sameiginleg innritun, nám og námsframboð. Jafnframt skal samræma gæðamat í starfsemi skólanna og samþætta sambærileg fræðasvið í kennslu og rannsóknunum.

□ Ráðherra skal setja nánari starfsreglur um samstarfsnet opinberra háskóla og skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðinda.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 56/2013, 7. gr.

### X. kafli. Gildistaka o.fl.

#### ■ [30. gr.]<sup>1)</sup> Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ . . .

<sup>1)</sup> L. 56/2013, 7. gr.

#### ■ Ákvæði til bráðabirgða.

□ Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara gilda þau um Kennaraháskóla Íslands til 1. júlí 2008, sbr. lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, nr. 37/2007.

□ Við gildistöku laga þessara heldur starfsfólk Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, sem hefur verið skipað eða ráðið á grundvelli laga nr. 41/1999 og laga nr. 40/1999, störfum sínum og starfsréttindum.

□ Skipan háskólaráðs samkvæmt lögum þessum skal lokið fyrir 1. október 2008. Við slíka ráðstöfun fellur niður umboð háskólaráðs Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

□ Ákvæði reglna, sem háskólaráð Kennaraháskóla Íslands,<sup>1)</sup> Háskólans á Akureyri<sup>2)</sup> og Háskóla Íslands<sup>3)</sup> hafa sett á grundvelli gildandi laga um viðkomandi háskóla, gilda með áorðnum breytingum, að svo miklu leyti sem þau fara ekki gegn þessum lögum, þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur samkvæmt ákvæðum þessara laga.

□ Við gildistöku laga þessara skulu skólar við Háskóla Íslands vera félagsvísinda-, laga- og viðskiptasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, verkfræði- og raunvísindasvið og menntavísindasvið. Deildir við Háskólann á Akureyri eru félagsvísinda- og lagadeild, heilbrigðisvísindadeild, kennaradeild og viðskipta- og raunvísindadeild. Fyrir árslok 2008 skulu háskólar, sem lög þessi taka til, laga sig að ákvæðum laga þessara um skóla, sbr. 2. mgr. 4. gr.

□ Lög nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, skulu endurskoðuð fyrir árslok 2009.

<sup>1)</sup> Sjá nú: Rgl. 843/2001, sbr. rgl. 70/2003. <sup>2)</sup> Sjá nú: Rg. 292/1992. Rg. 393/1996. Rgl. 459/2000. Rgl. 1157/2007. Rgl. 1207/2007, sbr. rgl. 1358/2007. Rgl. 1208/2007, sbr. rgl. 789/2020 og rgl. 819/2022. Rgl. 156/2008. <sup>3)</sup> Sjá nú: Rgl. 296/2001. Rgl. 720/2001. Rgl. 829/2001. Rgl. 498/2002. Rgl. 664/2002. Rgl. 156/2003, sbr. rgl. 850/2003. Rgl. 164/2003. Rgl. 385/2003. Rgl. 1041/2003, sbr. rgl. 255/2004. Rgl. 1046/2003. Rgl. 951/2004. Rgl. 540/2005. Rgl. 1236/2005. Rgl. 478/2006. Rgl. 343/2007, sbr. rgl. 487/2007 og rgl. 738/2007. Rgl. 890/2007. Rgl. 1298/2007, sbr. rgl. 341/2008.